

Hver orti L ítið af Grettis sögu í rímur snúið?

Autor(en): **Gunnlaugsson, Guðvarður Már**

Objekttyp: **Article**

Zeitschrift: **Beiträge zur nordischen Philologie**

Band (Jahr): **72 (2022)**

PDF erstellt am: **29.07.2024**

Persistenter Link: <https://doi.org/10.5169/seals-976340>

Nutzungsbedingungen

Die ETH-Bibliothek ist Anbieterin der digitalisierten Zeitschriften. Sie besitzt keine Urheberrechte an den Inhalten der Zeitschriften. Die Rechte liegen in der Regel bei den Herausgebern.

Die auf der Plattform e-periodica veröffentlichten Dokumente stehen für nicht-kommerzielle Zwecke in Lehre und Forschung sowie für die private Nutzung frei zur Verfügung. Einzelne Dateien oder Ausdrucke aus diesem Angebot können zusammen mit diesen Nutzungsbedingungen und den korrekten Herkunftsbezeichnungen weitergegeben werden.


Das Veröffentlichen von Bildern in Print- und Online-Publikationen ist nur mit vorheriger Genehmigung der Rechteinhaber erlaubt. Die systematische Speicherung von Teilen des elektronischen Angebots auf anderen Servern bedarf ebenfalls des schriftlichen Einverständnisses der Rechteinhaber.

Haftungsausschluss

Alle Angaben erfolgen ohne Gewähr für Vollständigkeit oder Richtigkeit. Es wird keine Haftung übernommen für Schäden durch die Verwendung von Informationen aus diesem Online-Angebot oder durch das Fehlen von Informationen. Dies gilt auch für Inhalte Dritter, die über dieses Angebot zugänglich sind.

Hver orti *Lítið inntak af Grettis sögu í rímur snúið?*

Guðvarður Már Gunnlaugsson (*Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum*)

 0000-0002-5493-4242

Keywords: *Grettis saga Ásmundarsonar*, handrit, höfundur, rímur, 17. öld

Grettis saga Ásmundarsonar er varðveitt í mörgum handritum. Elst eru fjögur skinnhandrit frá því um 1500 auk brots á skinni frá miðri 16. öld. Eftir það verður eyða í varðveislu sögunnar, og er elsta pappírshandritið allt að 100 árum yngra, eða frá því um 1640. Svipaða sögu er að segja um aðrar *Íslendingasögur*, þar sem fá eða engin handrit eru varðveitt frá miðri 16. öld og fram um 1640. Þessi sérstæða varðveislusaga jafngildir því þó ekki að *Íslendingasögur* – og *Grettis saga* þar á meðal – hafi ekki verið lesnar og notaðar þennan tíma. Magnús Ólafsson í Laufási notaði t.d. handrit af *Grettis sögu* og öðrum *Íslendingasögum* þegar hann samdi orðabók sína um 1630, sem Ole Worm gaf út (1650). Orðabók Magnúsar og önnur rit þar sem vitnað er í *Grettis sögu* bera vott um að ólík handrit sögunnar hafi verið í umferð á þessum tíma. Rímur sem voru ortar eftir sögunum og eru frá þessum tíma sýna það sama.

Guðni Jónsson (1936: lvii) sem gaf *Grettis sögu* út í *Íslenskum fornritum* sagði um hana:

Grettis saga hefir alltaf verið ákaflega vinsæl á Íslandi. Vinsældir sínar á sagan ekki aðeins því að þakka, að hún er ágæta vel rituð og fjölbreytt að efni, heldur og því, að hún er alþýðlegust allra sagna.

Fjöl margar vísbendingar eru um vinsældir sögunnar og hylli Grettis á fyrri öldum, t. d. kvæði þar sem hann kemur við sögu og rímur sem voru ortar eftir sögunni (sjá t. d. Guðvarður Már Gunnlaugsson 2000). Í þessari grein verður hins vegar ekki fjallað um söguna sjálfa heldur rímur sem ortar voru um Gretti á fyrri hluta 17. aldar. Reyndar verður ekki fjallað um rímurnar sem slíkar heldur verður reynt að komast að því hver höfundur þeirra var.

Frægð Grettis meðal alþýðu manna kemur m. a. fram í að mörg skáld ortu um hann rímur og kvæði og langflestir höfundar kappakvæða töldu hann upp meðal hetja. Á fyrri hluta 13. aldar, að því er talið er, orti Haukur Valdísarson *Íslendingadrápu* og er 17. vísa hennar um Gretti (Möbius 1874: 7; Bjarni Einarsson 1989). Fyrstur til þess að yrkja út frá *Grettis sögu*, svo að vitað sé, var höfundur hinna fyrstu *Grettis rímna*, sem eru varðveittar í *Kollsbók* (Guelferbytanus 42.7 Augusteus quarto) frá síðari hluta 15. aldar, og eru stundum kallaðar *Grettlur*. Á 16. öld orti Þórður Magnússon *Fjósarímu* og kappakvæði og nefnir Gretti í báðum; Grettir er einnig nefndur í fleiri kappakvæðum frá 17. og 18. öld. Að auki orti Kolbeinn Jökларaskáld Grímsson *Rímur af Gretti sterka* árið 1658 og Magnús Jónsson *Grettis rímur* snemma á 19. öld. Enn fremur orti Oddur Jónsson um *Síðasta fund Grettis og móður*

hans á síðari hluta 19. aldar og Sigfús Sigfússon orti *Glámsrímur* er komið var fram á 20. öld. Til viðbótar má nefna að Gísli Jónsson orti *Rímur af Gretti* á fyrri hluta 20. aldar. Einnig eru til rímur ortar út frá *Grettis sögu* frá fyrri hluta 17. aldar sem hafa fyrirsögnina *Lítið inntak af Grettis sögu í rímur snúið af Jóni Guðmundssyni* í handriti og til eru heimildir um að aðrar *Grettis rímur* hafi verið ortar á svipuðum tíma af öðrum Jóni Guðmundssyni (Guðvarður Már Gunnlaugsson 2000: 53–56; Lbs 5242 4to). En hverjir voru þessir Jónar Guðmundssynir sem ortu *Grettis rímur* á fyrri hluta 17. aldar?

Árið 1656 eða þar um bil skrifaði Halldór Guðmundsson handrit, sem AM 614 a–f 4to var hluti af. Árni Magnússon tók það í sundur og er það nú bundið í níu bækur en þrjár efnisliðir eru týndir (Stefán Karlsson 1970: 84–85; Stegmann væntanleg). *Grettis rímur* eru í AM 614 b 4to ásamt *Rímunum af Hervöru Angantýsdóttur* eftir Ásmund Sæmundsson.¹

Kristian Kálund segir í skrá yfir handrit Árnasafns að þessar *Grettis rímur* séu eftir Jón Guðmundsson í Rauðseyjum undan Skarðsströnd. Kálund segir reyndar ekki í sjálfri handritaskránni að höfundurinn sé Jón í Rauðseyjum – heldur bara Jón Guðmundsson (1894: 23), en í nafnaskrá aftast í 2. bindi vísar hann í þrjú handrit undir færslunni Jón Guðmundsson í Rauðseyjum: „[Jón Guðmundsson] í Rauðs- (eller Russ-) eyjar, digter 1551. 1581 2. 2337“ (1894: 730). Þessi handrit eru AM 610 a 4to (nr. 1551), AM 614 b 4to (nr. 1581) og AM 130 8vo (nr. 2337) (Kálund 1894: 14, 23 og 405). Nánari athugun leiðir í ljós að Kálund fer eftir því sem stendur í handritunum en einnig Árna Magnússyni eins og sjá má – en bætir við því atriði að Jón í Rauðseyjum hafi ort *Grettis rímur* í AM 614 b 4to:

AM 610 a 4to (Kálund 1894: 14):

1r: „Hier byriar Rymur af þeim Gamla forfödur Eigle Skallagrimffyne huoria Jön Gudmundffon ortt hefur; þä dätumm skriðadest 1643.“

ÁM seðill: „Egils rimur Skallagrimssonar ortar af Jone Gudmundz fyne i Ruffeyium.“

AM 614 b 4to (Kálund 1894: 23):

1r: „**Rymur Af Hervör:** Huóriar Ortte Afmundur heitinn Sæmundfson“ (1r–25v).

25v: „fkriðadar eptir eigin handkriðtt Afmundar heitinn Sæmundfsonar Anno: 1656“.

25v: „**Lytið Inntak Grettis Saugu: J. Rymum Snvid:** af Jöne Gudmundfsyne“ (25v–46v).

AM 130 8vo (Kálund 1894: 405):

1r: „**Rymur af Bæryng væna** k a J g m f“.

ÁM bætir við á 1r: „Jone Gudmundsf. i Rauds eyum“.

Í AM 610 a 4to eru *Egils rímur Skallagrimssonar* ortar árið 1643 af Jóni Guðmundssyni, sem Árni Magnússon segir að sé Jón Guðmundsson í Rauðseyjum og í AM 130 8vo eru *Rímur af*

1 *Hervarar rímur* og *Grettis rímur* í AM 614 b 4to hafa upphaflega verið í handriti með *Landnámu*, *Úlfs sögu Uggasonar* og *Sigurðar sögu fótis* sem eru týndar, útdráttum úr *Njáls sögu* og *Guðmundar sögu biskups* í AM 555 c 4to og handritunum AM 779 c IV 4to (*Grænlands Chronicu*), AM 555 b 4to (*Um Saracenos* – þessi texti er með annarri hendi en hinir textarnir), AM 614 a 4to (*Rollants rímunum*), AM 614 c 4to (*Viglundar rímunum*), AM 614 d 4to (*Pontus rímunum*), AM 614 e 4to (*Valdemars rímunum*), AM 614 f 4to (*Króka-Refs rímunum*) (Stefán Karlsson 1970: 85–86, Stegmann væntanleg). *Grettis rímur* eru 14 að tölu en *Rímur af Hervöru Angantýsdóttur* eru 20 (Finnur Sigmundsson 1966: 1, 170–171; 223).

Bæring væna kveðnar af Jóni Guðmundssyni, sem Árni segir líka að sé Jón Guðmundsson í Rauðseyjum. Árni hlýtur að hafa haft heimildir fyrir því að Jón í Rauðseyjum hafi ort *Egils rímur* og *Rímur af Bæring væna*. En í AM 614b 4to er ekkert sagt af hvaða Jóni Guðmundssyni rímurnar eru ortar og Árni segir ekkert um það. Það er greinilegt að Kálund tekur því sem gefnu, þegar hann gerir nafnaskrána við handritaskrána, að höfundur *Grettis rímna* hafi verið Jón í Rauðseyjum – nema að hann hafi haft heimild fyrir því úr annarri átt.

Ekki kemur fram í *Katalog* hver hafi skrifað AM 610a 4to eða AM 130 8vo en Stefán Karlsson telur að AM 610a 4to hafi verið skrifað af Þórði Jónssyni að Strandseljum (og víðar) við Ísafjarðardjúp (Stefán Karlsson 1964: 8).² Hins vegar kemur fram hver skrifaði AM 614b 4to:

Peffar Rollantz Rímur atti ... S^r Jon Torfafon ä Breidabolftad, og eru þær utfkornar ur bok er hamn atti ..., hvar ä adrar fleiri rímur. ... bokin (∵ AM 614 a–f 4to) er ritud circa 1656. Er þetta med hendi Halldors nockurs Gudmundz sonar Nordlendfks manns, fkrifar S^r Jon Torfafon mier, og feiger þann Halldor fier ökunnigann vera ... (Kálund 1894: 22; sbr. einnig Stefán Karlsson 1970).

Í lokavísu umræddra *Grettis rímna* kemur fram að höfundur þeirra heitir Jón og að hann hafi ort þær að beiðni einhvers Halldórs:

Hef eg vmm geingid Halldors Bön :
Hent þo vante Týma
Packar eijnge þagnar Jön :
þriota hlytur Rýma : (Stefán Karlsson 1970: 87)

Jón Þorkelsson (1888: 276–277) og Stefán Karlsson (1970: 87) hafa báðir stungið upp á að skrifarinn Halldór Guðmundsson hafi óskað eftir því að þessar rímur væru ortar.

Jón Guðmundsson í Rauðseyjum er þekkt skáld og hann er nefndur víða, t. d. talar Páll Vídalín Jónsson um hann í *Recensus poetarum et scriptorum Islandorum hujus et superioris seculi*. Sú grein hljóðar svo í uppskrift Hálfðanar Einarssonar:

J o n G u d m u n d s o n i Raudseyum fabulam Raymundi cecinit, nitido qvidem carmine diction tersa et perspicua argumentum perseqvitur satis numerose. Fertur et Historiam Egilli Skallagrimi Rythmis tradidisse (Páll Vídalín 1985: vi og 83).

Jakob Benediktsson þýðir þessa grein svo:

Jón Guðmundsson í Rauðseyjum orti rímur af *Remundar sögu*, snoturlega kveðnar, og rekur söguna með látlausu og ljósu orðfæri og góðri kveðandi. Sagt er að hann hafi einnig ort rímur af *Egils sögu Skalla-Grímssonar* (Páll Vídalín 1985: 83).

En á 18. öld þýddi Þorsteinn Pétursson klausu Páls Vídalíns um Jón í Rauðseyjum og er hún svona hjá honum:

J o n G u d m u n d s o n i Raudzeyum, hefur qvedid Raimundar Rýmur snoturlega og med fallegu ordatiltæke efter því sem væntast kann af ölarðum manne, filger Efninu skiliannlega, an vidhafnar, sagt er og hann hafe qvedid af Sógu Egils Skallagrymssonar (Páll Vídalín 1985: 83).

2 *Egils rímur Skallagrímssonar* í AM 610a 4to hafa upphaflega verið í handriti með *Geiplum* sem eru glataðar, *Sigurðar rímum fots* í AM 615a 4to, *Áns rímum bogsveigis* í AM 615b 4to og *Rímum afsjö vísuð meistarum* í AM 615c 4to (Stegmann væntanleg). *Egils rímur* í AM 610a 4to eru 40 að tölu (Finnur Sigmundsson 1966: 1, 110).

Hér er ekki nefnt að Jón í Rauðseyjum hafi ort rímur út af *Grettis sögu*.³ Hins vegar segir Páll að annar Jón Guðmundsson hafi ort rímur út af *Grettlu* en sú grein hljóðar svo í uppskrift Hálfðanar:

J o n G u d m u n d s s o n á Hellu í Svarf(adar)d(al)⁴ famosus artium magicarum exercitiis, plebejæ sortis homuncio magnas cum Jona Illugio simultates egit sed clandestinas usque dum hic Jonas G(udmundi) f(ilius) repentina morte expiravit. Rythmo persecutum Gretteri Robusti historiam scribit in poetis Laicis D. Joh. Grimsonius (Páll Vídalín 1985: 82).

Jakob Benediktsson þýðir þessa grein svo:

Jón Guðmundsson á Hellu í Svarfaðardal var frægur af galdrakonstum, maður úr alþýðustétt; átti í miklum en leyndum deilum við Jón Illugason, þangað til Jón Guðmundsson varð bráðdauður. Jón Grímsson segir í skáldatali að hann hafi ort rímur af Gretti sterka (Páll Vídalín 1985: 82).

En Þorsteinn Pétursson stytta og þýddi klausu Páls Vídalíns um Jón á Hellu svo (Páll Vídalín 1985: 82): „J o n G u d m u n d s s o n á Hellu í SvarfadarDal nafnfrægur kunnattu madur haldinn; S^f Jon G(r)imsson seiger hann hafe ordt Rymur af Grettis Sógu, þurrar og osnotrar“.

Hins vegar segir Hálfðan Einarsson (1777: 82–83) í *Sciographiu Historiæ Literariæ Islandicæ autorum et scriptorium tum editorum tum ineditorum indicem exhibens*:

Johannes Gudmundi Raudseyenfis; Historiam Remundi carminibus xxiv. Egilli Skallagrimii xl. Anno 1643 Gretteri Robufti & plurium metro reddidit.

Þetta mætti þýða á þessa leið: „Jón Guðmundsson úr Rauðseyjum: *Rímur út af Rémundar sögu* xxiv.[.] *Egils [sögu] Skallagrímssonar* xl. Árið 1643 *Grettis [sögu] sterka* og fleirum“.⁵

Hálfðan nefnir ekki Jón á Hellu frekar en ýmis önnur skáld. Annað hvort hefur hann haft heimildir um að Jón í Rauðseyjum hafi ort *Grettis rímur* eða hann hefur slegið saman Jónunum á Hellu og í Rauðseyjum.⁶

Jón Sigurðsson segir í rímnatali sínu í JS 314 8vo (bl. 191v) að Einar Bjarnason í fræðimannatali sínu segi „að tveir Jónar Guðm(unds) synir hafi ort *Grettis rímur*“ og nefnir „Jón Guðmundss(on) Íngimundarsonar á Hellu á Árskógsströnd“ sem hafi dáið 1667 og „Jón Guðmundsson í Rauðseyjum 1643“. Hann segir líka að báðir hafi getað ort rímurnar tímans vegna en bætir við: „en af því bókin er að norðan og hefir rímur eptir norðlenzk skáld, þá er líklegt þessar séu eptir hinn fyrtaalda [þ.e. Jón á Hellu]“.

3 Finnur Sigmundsson telur upp eftirtaldar rímur eftir Jón Guðmundsson í Rauðseyjum: *Bæringsrímur; Egils rímur Skallagrímssonar; Rímur af Gretti* og *Rímur af Remundi Rígarðssyni* og telur að hann gæti verið höfundur *Rímna af Nítíðu frægu*; hann bendir einnig á að Jóni hafi verið eignaðar rímur af Nikuláasi leikara sem séu ókunnar (1966: I, 96; 110; 170; 355–356; 357; 399; 1966: II, 81; 235).

4 Hella er nú yfirleitt talin vera á Árskógsströnd en ekki í Svarfaðardal.

5 Ártalið 1643 kemur eins og skrattinn úr sauðarleggnum þar sem það er vegna þess að út frá eðlilegri orðaröð ætti það fylgja Egils rímum, því að í AM 610 a 4to segir Þórður Jónsson að Jón í Rauðseyjum hafi ort *Egils rímur Skallagrímssonar* árið 1643 (Stefán Karlsson 1964: 8). Punkturinn á eftir tölunni xl fylgir henni og er ekki greinarmerki út af fyrir sig en getur tekið að sér það hlutverk ef svo ber undir. Næsta orð hefst á hinn bóginn á hástaf eins og um nýja málsgrein sé að ræða og þess vegna er eðlilegra að líta svo að á ártalið eigi við *rímur af Gretti*, en kannski er hér um prentvillu að ræða.

6 Finni Sigmundssyni (1966: I, 172; II, 82) var ekki kunnugt um aðrar rímur eftir Jón Guðmundsson á Hellu en *Grettis rímur*.

Jón Þorkelsson (1888: 276–277) segir að á 17. öld hafi verið ortar þrennar *Grettis rímur*:

Einar þeirra eru eptir Jón Guðmundsson í Rauðseyjum, og orti hann þær 1643, en hvar þær nú eru niður komnar er mér ókunnugt. Aðrar eru eptir Jón Guðmundsson á Hellu á Áskógaströnd [svo], nafnkendan galdramann á sinni tíð, d. 1667. Það munu vera þær rímur, sem nú finnast í AMagn. Nr. 614 4to B og eru fjórtán að tölu. ... Handritið sjálft kallar þær „Grettis rímur gömlu“, og segja rímurnar, að „Jón“ hafi ort þær fyrir „Haldórs bön“, og er sá Haldór eflaust maðuriun [svo] sami og Haldór Guðmundsson úr Norðurlandi, sem hefur skrifað rímurnar, ásamt fleiri rímum, á að giska 1650–1660.

Páll Eggert Ólason (1926: 704) er sama sinnis og segir að *Grettis rímur* í AM 614 b 4to séu almennt eignaðar Jóni í Rauðseyjum; en

þykja mætti þó líklegra, að höfundur sé Jón Guðmundsson á Hellu á Árskógsströnd (d. 1667), sem og er talinn hafa orkt *Grettisrímur*, enda handritið skrifað 1656 af manni á Norðurlandi.

Í *Rímnatali* telur Finnur Sigmundsson (1966: I, 170–172; II, 81–82) hiklaust að Jón í Rauðseyjum hafi ort *Lítið inntak af Grettis sögu í rímur snúið*. Á hinn bóginn virðist Stefán Karlsson (1970: 86–87; 106–107) taka undir með Páli Eggerti Ólasyni í grein um skrifarann Halldór Guðmundsson og segir einnig að Halldór hafi m. a. búið á Sílastöðum í Kræklingahlíð og hafi verið einn af skrifurum Þorláks Skúlasonar biskups á Hólum.⁷

Ekki er vitað mikið um alnafnana Jón Guðmundsson í Rauðseyjum og Jón Guðmundsson á Hellu, t. d. er ekki vitað hvenær þeir fæddust, en Jón í Rauðseyjum var dáinn árið 1664 þegar AM 67 8vo var skrifað (Jón Samsonarson 1967: 59). Vitað er að Jón á Hellu lést árið 1667 (Hannes Þorsteinsson et al. 1933–1938: 146).

Elstu heimildir eru ekki afgerandi en það er ljóst að Dalamaðurinn Árni Magnússon vissi snemma á 18. öld að Breiðfirðingurinn Jón Guðmundsson í Rauðseyjum hafði ort rímur út af *Egils sögu og rímur af Bæringi væna* en trúlega vissi hann ekkert um höfund *Grettis rímna* í AM 614 b 4to fyrst hann segir ekkert um hann. Páll Vídalín þekkir aðeins tvennar rímur eftir Jón í Rauðseyjum, *Remundar rímur* og *Egils rímur* sem hann hefur heyrt um, en hann vitnar í Jón Grímsson um að Jón Guðmundsson á Hellu hafi ort *Grettis rímur*. Hálfðan Einarsson virðist hins vegar vita að Jón í Rauðseyjum hafi ort *Grettis rímur* til viðbótar við *Remundar rímur* og *Egils rímur* og er hann elsta heimildin sem ég hef fundið um það.

Eins og Jón Sigurðsson, Jón Þorkelsson og Páll Eggert Ólason bentu á var handritið, sem AM 614 b 4to var hluti af, norðlenskt, þ.e. skrifað að mestu af Eyfirðingnum Halldóri Guðmundssyni árið 1656, þannig að ef rímurnar eru eftir Jón Guðmundsson í Rauðseyjum hafa þær borist fljótt norður í land. Margar aðrar rímur í handritinu eru eftir Norðlendinga og *Hervarar rímur* eru skrifaðar eftir handriti höfundarins, Ásmundar Sæmundssonar sem bjó í Samkomugerði í Eyjafirði. Og *Grettis rímur* eru ortar að beiðni Halldórs nokkurs sem gæti verið skrifarinn Halldór Guðmundsson. Það verður að teljast líklegra að Eyfirðingur myndi eiga rímur Jóns á Hellu í handriti en Jóns í Rauðseyjum en að sjálfsgöðu er ekki hægt að fullyrða eitt eða neitt út frá því einu saman.

Það hefur ekki verið metið hér hvort rímurnar eru „þurrar og osnotrar“ eins og haft er eftir Jóni Grímssyni um rímurnar eftir Jón Guðmundsson á Hellu eða hvort þær eru kveðnar „snoturlega og með fallegu ordatiltæke“ eins og Páll Vídalín (1985: 82–83) segir að Jón

7 Þess má einnig geta að Árni Magnússon fékk handritið, sem AM 614 b 4to var hluti af, hjá Jóni Torfasyni presti á Breiðabólstað í Fljótshlíð, en kona hans, Sigríður Björnsdóttir, var frá Espihóli í Eyjafirði.

Guðmundsson í Rauðseyjum hafi ort *Remundar rímur*. Vissulega væri gaman að gera það en þar sem hér er um smekksatriði að ræða er ekki líklegt að komast megi að óyggjandi niðurstöðu. Hér hefur ekki heldur verið athugað hvort höfundur *Grettis rímna* hélt sig við gamla hljóðdvöl eins og Stefán Karlsson (1964) sýndi fram á að Jón í Rauðseyjum hefði gert í *Egils rímum Skallagrímssonar*, en ljóst er að full þörf er á að slík rannsókn verði gerð.

Jón Guðmundsson í Rauðseyjum var þekkt rímnaskáld og hefur þótt gott skáld en hins vegar virðist flestum fræðimönnum bera saman um að Jón Guðmundsson á Hellu hafi ort rímur út af *Grettis sögu*. En ortu þeir báðir rímur út af sögunni? Hafi aðeins annar þeirra gert það, er nokkuð víst að það var Jón á Hellu og varðveittar *Grettis rímur* séu eftir hann. Hafi þeir báðir ort rímur út af *Grettlu*, er líklegra út frá því sem hér hefur verið dregið saman að Jón á Hellu hafi ort þessar rímur sem eru varðveittar og að *Grettis rímur* Jóns í Rauðseyjum hafi glatast.

Heimildaskrá

Handrit

Reykjavík, Handritasafn Jóns Sigurðssonar, JS 314 8vo

Reykjavík, Handritasafn Landsbókasafn Íslands, Lbs 5242 4to

Prentaðar bækur

Bjarni Einarsson (útg.) (1989). *Íslendingadrápa*. Í: *Tímarit Háskóla Íslands* 4, bls. 127–131.

Finnur Sigmundsson (1966). *Rímnatal*. 2 bindi. Reykjavík: Rímnafélagið.

Guðni Jónsson (útg.) (1936). *Grettis saga Ásmundarsonar*. Í: *Grettis saga Ásmundarsonar* (= Íslensk fornrit 7). Reykjavík: Hið íslenska fornritafélag, bls. 1–290.

Guðvarður Már Gunnlaugsson (2000). „Grettir vondum vættum, veitti hel og þreytti“. Grettir Ásmundarson og vinsældir Grettis sögu. Í: *Gripla* 11, bls. 37–78.

Hannes Þorsteinsson et al. (útg.) (1933–1938). *Annáll séra Guðbrands prófasts Jónssonar í Vatnsfirði eða Vatnsfjarðarannáll hinn yngri 1614–1672*. Í: *Annales Islandici posterium sæculorum*. Annálar 1400–1800 3. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, bls. 88–161.

Hálfðan Einarsson [Halfdanus Einari] (1777). *Sciographia Historiæ Literariæ Islandicæ autorum et scriptorium tum editorum tum ineditorum indicem exhibens*. Kaupmannahöfn: Sander & Schröder.

Jón Samsonarson (1967). „Um handritið AM 67 8vo“. Í: *Opuscula* 3, bls. 50–61.

Jón Þorkelsson (1888). „Fjósaríma Þórðar Magnússonar á Strjúgi. Íslensk Kappkvæði II“. Í: *Arkiv för nordisk filologi* 4, bls. 251–283.

Kålund, Kristian (útg.) (1894). *Katalog over Den Arnamagnæanske Håndskriftsamling*. Annað bindi. Kaupmannahöfn: Kommissionen for det Arnamagnæanske Legat.

Magnús Ólafsson (1650). *Specimen Lexici Runicæ, Obscuriorum qvarundam vocum, qvæ in priscis occurrunt Historiis & Poëtis Danicis, enodationem exhibens*. Kaupmannahöfn: Martzan.

Möbius, Theodor (útg.) (1878). *Íslendingadrápa Hauks Valdisarsonar. Ein isländisches Gedicht des XIII. Jahrhunderts*. Kiel: Mohr.

Páll Eggert Ólason (1926). *Rithöfundar* (= Menn og menntir siðskiptaaldarinnar 4). Reykjavík: Bókaverzlun Ársæls Árnasonar.

Páll Vídalín (1985). *Recensus poetarum et scriptorum Islandorum hujus et superioris seculi. Viðauki séra Þorsteins Péturssonar. I. Texti* (= Íslensk bókmenntasögurit). Jón Samsonarson (útg.). Jakob Benediktsson (þýð). Reykjavík: Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi.

Stefán Karlsson (1970). „Halldór Guðmundsson, norðlenzkur maður“. Í: *Opuscula* 4, bls. 83–107.

Stefán Karlsson (1964). „Gömul hljóðdvöl í ungum rímum“. Í: *Lingua Islandica – Íslensk tunga* 5, bls. 7–29.

Stegmann, Beeke (væntanleg). *Structural Alteration of Manuscripts in the Arnarnagnæan Collection*. Reykjavík: Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

